

Föstudaginn 30. janúar 1970.

Nr. 195/1969. **Knútur Kristinsson f. h. Ewalds Ellerts
Berndsen** (Kristinn Einarsson hrl.)

gegn

Skrifstofu ríkisspítalanna

(Benedikt Sveinsson hrl.)

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jóseppson hrl.)

Friðjóni Skarphéðinssyni yfirborgarfógeta

(enginn)

Unnsteini Beck borgarfógeta (enginn)

Guðjóni Styrkárssyni (enginn)

Péttri Péturssyni (enginn)

Guðnýju Berndsen (enginn)

Sólveigu Berndsen (enginn)

Margréti Berndsen (enginn)

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og svo

Dómsmálaráðherra til réttargæzlu

(Benedikt Sveinsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómaramanir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og
Gunnar Thoroddsen og prófessorarnir Gaukur Jörundsson og
Magnús P. Torfason.**

Uppboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson yfirborgarfógeti hefur framkvæmt hina áfrýjuðu uppboðsgerð.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 27. febrúar 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Því máli var vísað frá Hæstarétti með dómi 17. október 1969. Með heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjaði áfrýjandi málinu af nýju með stefnu 30. október 1969. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði úr gildi felld og stefndu dæmt að greiða honum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu skrifstofa rikisspítalanna, Gjaldheimtan í Reykjavík, Pétur Pétursson, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs og réttargæzlustefndi dómsmálaráðherra krefjast þess, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu Friðjón Skarphéðinsson yfirborgarfégeti, Unnsteinn Beck borgarfégeti, Guðjón Styrkársson, Guðný Berndsen, Sólveig Berndsen og Margrét Berndsen hafa ekki sótt þing í málinu.

Við skipti á dánarbúi Sigurðar Berndsens og Margrétar Pétursdóttur Berndsens 12. apríl 1967 hlutu áfrýjandi og systur hans, Guðný Berndsen, Sólveig Berndsen og Margrét Berndsen, 9.583% af fasteigninni nr. 8 við Engihlíð hér í borg.

Hinn 12. ágúst 1968 krafðist stefndi Gjaldheimtan í Reykjavík uppboðs á fasteigninni nr. 8 við Engihlíð til tryggingar opinberum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði, alls kr. 7.137.00, samkvæmt lögtaksgerð frá 14. maí 1968. Uppboðið var auglýst í 58., 60. og 62. tbl. Lögbirtingablaðsins 1968 og skyldi tekið fyrir í uppboðsdómi 27. nóvember 1968.

Hinn 6. nóvember 1968 krafðist sami aðili uppboðs á hluta fasteignarinnar nr. 8 við Engihlíð, eign áfrýjanda, Ewalds Ellerts Berndsens, og systra hans, Guðnýjar Berndsens, Margrétar Berndsens og Sólveigar Berndsens, til lúkningar opinberum gjöldum dánarbús Sigurðar Berndsens og Margrétar Pétursdóttur Berndsens ásamt vöxtum og kostnaði, alls kr. 2.708.126.00 samkvæmt lögtaksgerð 11. apríl 1967.

Á uppboðsdómþingi 27. nóvember 1968 var tekið fyrir „að selja við nauðungaruppboð Engihlíð 8“. Voru uppboðsbeiðnir þær, er áður getur, lagðar fram á dómþinginu og svo endurrit lögtaksgerðar. Eigi var sótt þing af hálfu eigenda eignarinnar. Var sala á eigninni þá ákveðin 14. janúar 1969.

Hinn 14. janúar 1969 háði yfirborgarfégeti uppboðsþing, og var þá tekið fyrir „að selja við nauðungaruppboð hl. í Engihlíð 8, þingl. eig. Guðný, Margrét og Sólveig og Ewald Berndsen, eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík“.

Uppboðsþolendur Guðný Berndsen, Margrét Berndsen og

Sólveig Berndsen sóttu sjálfar þing, en af hendi áfrýjanda var sótt þing. Var eignin síðan boðin upp, og komu fram boð. Af hendi stefnda Gjaldheimtunnar í Reykjavík var óskað eftir öðru uppboði, sbr. 29. gr. laga nr. 57/1949.

Yfirborgarfégeti háði enn uppboðsþing 27. janúar 1969, og var þá tekið fyrir að „halda annað og síðasta uppboð á hl. í Engihlíð 8, þingl. eigendur E. Berndsen o. fl.“. Af hendi uppboðsþolenda sóttu sömu aðiljar þing og á uppboðsdómþingi 14. janúar 1969. Fór uppboð síðan fram, og var stefndi skrifstofa ríkisspítalanna hæstbjóðandi. Uppboðshaldari tók sér þá 2 vikna frest til að taka ákvörðun um framkomin boð.

Hinn 3. febrúar 1969 háði yfirborgarfégeti enn uppboðsdómþing, og er þar meðal annars bókað: „Fyrir var tekið: Að taka ákvörðun um framkomin boð í hluta af húseigninni nr. 8 við Engihlíð, þingl. eign Edw. Berndsen, Guðnýjar Berndsen, Margr. Berndsen og Sólveigar Berndsen.

Dagana 14. jan. og 27. jan. s.l. var ofangreind eign, $\frac{2}{3}$ hl. úr neðri hæð og 3 herbergja kjallaraibúð ásamt lóðarréttindum seld á nauðungaruppboði eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Hæstbjóðandi var Georg Lúðvíksson f. h. skrifstofu ríkisspítalanna, sem bauð kr. 710.000.00.

Boð þetta hefur verið samþykkt.

Mættur er Georg Lúðvíksson f. h. skrifstofu ríkisspítalanna, og greiðir hann áfallinn uppboðskostnað, kr. 29.570.00, og $\frac{1}{4}$ hluta kaupverðsins, kr. 177.500.00. Eftirstöðvar greiðast innan tveggja mánaða, og verður þá gefið út uppboðsafsál. Uppboðskaupanda eru afhentir lykklar að húsinu. Hann nýtur arðs af eigninni frá og með deginum í dag“.

Ekki verður séð, að hin áfrýjaða uppboðsgerð sé haldin þeim göllum, að varðað geti ógildingu, en lögtaksgerðum þeim, sem uppboðið byggðist á, hefur eigi verið áfrýjað. Ber því að taka kröfur stefndu til greina og staðfesta hina áfrýjuðu uppboðsgerð.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti skrifstofu ríkisspítalanna, Gjaldheimtunni í Reykjavík og fjármálaráð-

herra og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 8.000.00 hverjum, og stefnda Péttri Péturssyni kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð á að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Knútur Kristinsson f. h. Ewalds Ellerts Berndsens, greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti skrifstofu ríkisspítalanna, Gjaldheimtunni í Reykjavík og fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 8.000.00 hverjum, og Péttri Péturssyni, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krafðist hann þess í því máli, að hin áfrýjaða uppboðsgerð yrði úr gildi felld og að stefndu skrifstofu ríkisspítalanna, Gjaldheimtunni í Reykjavík, Friðjóni Skarphéðinssyni yfirborgarfógeta, Unnsteini Beck borgarfógeta, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og réttarfæzlustefnda dómsmálaráðherra yrði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað. Hin selda eign var sameign áfrýjanda og systra hans, Guðnýjar Berndsens, Sólveigar Berndsens og Margrétar Berndsens. Voru þær því aðiljar uppboðsmálsins í héraði, sbr. 2. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949. Þeim var hins vegar ekki stefnt fyrir Hæstarétt, og var því nefndu áfrýjunarmáli, hæstaréttarmálinu nr. 37/1969, vísað frá Hæstarétti með dómi, uppkeðnum 17. október 1969.

Áfrýjandi hefur áfrýjað uppboðsgerðinni af nýju með stefnu 30. október 1969, og er það áfrýjunarmál nú til úrlausnar. Auk stefndu í hæstaréttarmálinu nr. 37/1969 er í máli þessu stefnt fyrir Hæstarétt Guðjóni Styrkárssyni, Péttri Péturssyni, Guðnýju Berndsen, Sólveigu Berndsen og Margréti Berndsen.

Áfrýjunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962, var liðinn, er áfrýjunarstefna í máli þessu var útgefin, og styður áfrýjandi málsskot sitt við ákvæði 36. gr. laga nr. 57/1962 um áfrýjun af nýju innan mánaðar frá uppsögu dóms um frávísun þess. Lagaboð þetta þykir hins vegar eiga að skýra þannig, að í því felist heimild til enduráfrýjunar máls, sé öðrum lagaskilyrðum fullnægt, einungis gegnt þeim, sem fyrra áfrýjunarmálið tók til, en eigi jafnframt eða sjálfstætt að áfrýjunarfresti liðnum til nýrrar áfrýjunar gegnt áður óstefndum aðiljum. Samkvæmt þessu ber að vísa málinu frá Hæstarétti, að því er varðar stefndu Guðjón Styrkársson, Pétur Pétursson og uppboðsaðiljana Guðnýju Berndsen, Sólveigu Berndsen og Margréti Berndsen. Að svo komnu verður eigi dæmt um gildi hinnar áfrýjuðu uppboðsgerðar í áfrýjunarmáli þessu, sem því verður í heild vísað frá Hæstarétti.

Þessi úrlausn hefur eigi hlotið samþykki meiri hluta dómenda, og mun ég því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 57/1962 greiða atkvæði um efni máls.

Með skírskotun til þess, sem segir um efni máls í forsendum fyrir atkvæði meiri hluta dómenda, er ég samþykkur niðurstöðu þess.
